

Fundur 23. nov. 2022.

Fundur settur kl. 20.00 í Þingborg.

Mætt Jakob Nielsen Kriatjánsson, Helena Hólm, Helgi Sigurðsson, Halla Kjartansdóttir og Svanhvít Hermannsdóttir sem ritaði fundargerð.

1. Farið yfir erindisbréf nefndarinnar. Þátt hefur verið við orðfari um náttúruverndarmál svo og um útivistarsvæði og opin svæði.

Nefndin gerir þá tillögu að umhverfisverlaun verði veitt einu sinni á hverju kjörtímabili og óskum við eftir því að erindisbréfinu verði breytt í þá veru.

2. Farið yfir ný lög um meðhöndlun úrgangs. Ungmennafélagið fékk það hlutverk að dreyfa út ílátum fyrir plastúrgang.

Varðandi losun á rusli í Hrísmýri telur nefndin það mikilvæga þjónustu við íbúa. Nefndin leggur til að til eins árs verði

farið fram á að starfsmenn í Hrísmýri krefjist meiri upplýsinga frá þeim sem koma með rusl þ.e. að nafn, heimilisfang og símanúmer verði tekið niður. Nefndin telur að það hefði ákveðinn fælingarmátt.

Varðandi grenddarstöðvar þá leggur nefndin til að þær verði staðsettar við Þingborg og Félagslund. Nefndin telur að Félagslundur henti betur t.d. varðandi umferð sem þessu myndi óhjákvæmilega fylgja.

3. Tilnefning í vatnasvæðaneft.

Halla Kjartansdóttir býður sig fram sem aðalmann. Jakob Nielsen Kristjánsson til vara.

4. Önnur mál.

Nefndin kemur með tillögu að mánaðarlegri hugvekju sem snýr að nærumhverfi okkar t.d. hvað við getum gert betur í umhverfismálum.

Hugvekjan verður birt í Áveitunni.

Fundi slitið kl. 21.45.

Jakob Nielsen Kristjánsson  
Helena Hólm  
Helgi Sigurðsson  
Halla Kjartansdóttir  
Svanhvít Hermannsdóttir